



Varðar ráðningu starfsmanns í stað Bennýjar
Baldursdóttur

Jens Tómasson

Greinargerð JT-87-01

VARÐAR RÁÐNINGU STARFSMANNS Í STAÐ BENNYJAR BALDURSDÓTTUR

Engar líkur eru á því að starfsemi í þunnsneiðagerð minnki á þessu ári eða komandi árum. Að vísu eru borverk minni í ár en undanfarin ár, en á þessu ári verður í gangi margskonar úrvinnsla á eldri gögnum sem verið er eða búið er að semja um og víða munu þunnsneiðaathuganir vera verulegur þáttur í þessum verkum.

Á síðastliðnu ári hófust vökvabólurannsóknir. Þessi nýja tækni gerir miklar kröfur til þunnsneiðagerðar. Ekki aðeins verður að gera fleiri þunnsneiðar en áður, heldur tekur gerð hvernar sneiðar til vökvabólurannsóknna mun lengri tíma en gerð hinna hefðbundnu sneiða. Þegar er ljóst notagildi vökvabólurannsóknna í borholurannsóknnum og auðsætt að þessar rannsóknir verða notaðar í auknum mæli í framtíðinni.

Það eru því allar líkur á því að þessi starfsemi muni frekar vaxa en minnka á komandi árum. Þá er það spurning hvort einhverjir aðrir starfsmenn á deildinni gætu tekið að sér þessa starfsemi. Á undanförunum árum hefur aðstoðarmönnum á deildinni fækkað um tvo og eru nú þau verk, sem áður voru unnin af aðstoðarmönnum, unnin af sérfræðingum deildarinnar. Ég tel fráleitt að unnt sé að ganga lengra á þeirri braut. Það er því mjög nauðsynlegt að ráðinn sé starfsmaður í stað Bennyjar Baldursdóttur sem allra fyrst.